

Þriðjudaginn 23. október 1990.

Nr. 383/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Óskari Guðna Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. október 1990. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 22. október 1990.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. október 1990.

Ár 1990, föstudaginn 19. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 12. október sl. var Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, af embætti þessu úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald. Tildrög þess voru þau, að fundist höfðu í tollpóststofu við Ármúla hér í borg tvær póstsendingar, önnur skráð á „Tölvusport“ og hin á „Útisport“. Báðar þessar sendingar reyndust innihalda ætlað hass og Útisportssendingin 95,8 g, en hin 194,2 g.

— — —

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Óskar Guðni Gunnarsson er grunaður um fíkniefnainnflutning, sem ætla má, ef sannaður teldist, að myndi varða hann fangelsisrefsingu. Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Frágangur á hinum ætluðu fíkniefnum í öllum sendingunum í fyrrnefnd þrjú pósthólf, er mjög svipaður, og skjalarannsókn lögreglu á merkingum, sem greina viðtakendur á umslögum, bendir til þess, að sama ritvél hafi verið notuð við merkingu á síðara umslaginu, merktu „Útisport“, og umslögum, merktum „Tölvusport“ og „Garðgrúsk“.

Ofangreint bendir til tengsla þessara þriggja pósthólfa, og þarf það frekar rannsóknar við.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluýfirvalda og ákvarða, að Óskar Guðni Gunnarsson skuli sæta áfram gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. október 1990.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, skal sæta framlengdu gæsluvarðhaldi og allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. október 1990.
